

**Sp.**

**997. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Matsveinaskóla Íslands.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni og Gísla Jónssyni.

Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra er heimilt að starfrækja sérdeild við skólann fyrir þá matsveina, er nema vilja fulla matsveinaiðn samkvæmt gildandi lögum um iðnfræðslu.

Ráðherra er og heimilt að láta fram fara bóklega fræðslu í skólanum, sem nauðsynleg er fyrir þá matsveina og framreiðslumenn, sem iðnréttindi hljóta samkvæmt iðnfræðslulögum.